

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/2240

2016/EES/63/05

frá 25. nóvember 2015

um að koma á fót áætlun um rekstrarsamhæfisláusnir og sameiginlega ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA²-áætlunin) sem leið til að nútímavæða hið opinbera (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 172. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

Í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í röð ráðherrafrýsninga (í Manchester 24. nóvember 2005, Lissabon 19. september 2007, Malmö 18. nóvember 2009 og Granada 19. apríl 2010) hvöttu ráðherrarnir framkvæmdastjórnina til að greiða fyrir samvinnu aðildarríkja með því að koma á rekstrarsamhæfisláusnum yfir landamæri og þvert á atvinnugreinar til þess að gera kleift að veita skilvirkari og öruggari opinbera þjónustu. Enn fremur viðurkenndu aðildarríkin að veita þurfi betri opinbera þjónustu með minni tilkostnaði og að auka megi möguleika rafrænnar stjórnsýslu með því að ýta undir samvinnuþróun og með því að bæta skilyrðin fyrir rekstrarsamhæfi opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu.
- 2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. maí 2010, sem nefnd var „Stafræn áætlun fyrir Evrópu“ og var eitt af forystuverkefnum áætlunarinnar Evrópa 2020, lagði hún áherslu á að rekstrarsamhæfi væri grundvallaratriði þess að hámarka félagslega og efnahagslega möguleika upplýsinga- og fjarskiptatækni og að stafræna áætlunin geti þar af leiðandi aðeins orðið virk ef rekstrarsamhæfi er tryggt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 318, 4.12.2015, bls. 1. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 12, 15.1.2015, bls. 99.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 140, 28.4.2015, bls. 47.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 11. nóvember 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. nóvember 2015.

- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 16. desember 2010 sem ber heitið „Leiðin til rekstrarsamhæfis opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu“ kynnti framkvæmdastjórnin evrópsku rekstrarsamhæfisáætlunina og rammann um evrópskt rekstrarsamhæfi.
- 4) Rekstrarsamhæfi auðveldar árangursríka framkvæmd á stefnum og felur í sér mikla möguleika til að komast hjá rafrænum hindrunum yfir landamæri, og þar með tryggja betur tilkomu nýrrar sameiginlegrar, opinberrar þjónustu á vettvangi Sambandsins eða styrkja þróun hennar. Einkum eru stefnurnar, sem lýst er í eftirfarandi forsendum, háðar rekstrarsamhæfi til að framkvæmd þeirra geti orðið árangursrík og skilvirk.
- 5) Á sviði innri markaðarins er þess krafist, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB ⁽⁴⁾, að aðildarríkin bjóði þjónustuveitendum þann möguleika að ljúka rafrænt og yfir landamæri allri nauðsynlegri málsmeðferð og ganga frá nauðsynlegum formsatriðum til að þeir geti veitt þjónustu utan staðfestuáðildarríkis.
- 6) Á sviði félagaréttar er þess krafist, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB ⁽⁵⁾, að rekstrarsamhæfi aðalskráa, fyrirtækja- og félagaskráa aðildarríkjanna sé tryggt um miðlægan vettvang. Samtenging félagaskráa mun tryggja upplýsingaskipti yfir landamæri milli skráa og auðvelda aðgang fyrirtækja og borgara á vettvangi Sambandsins að gögnum um félög, og þar með auka réttarvissu í viðskiptaumhverfi Sambandsins.
- 7) Á sviði umhverfismála er þess krafist, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB ⁽⁶⁾, að samþykktar séu sameiginlegar framkvæmdarreglur sem mæla fyrir um tæknilegt fyrirkomulag rekstrarsamhæfis. Samkvæmt þeirri tilskipun skal einkum aðlaga landsbundin grunnvirki til að tryggja að landgagnasafn og þjónusta séu rekstrarsamhæfð og aðgengileg yfir landamæri innan Sambandsins.
- 8) Á sviði dóms- og innanríkismála er aukið rekstrarsamhæfi milli evrópskra gagnagrunna grundvöllur upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir ⁽⁷⁾, Schengen-upplýsingakerfisins II ⁽⁸⁾, evrópska fingrafaragreiningakerfisins ⁽⁹⁾, og veggáttarinnar um evrópsk réttarkerfi ⁽¹⁰⁾. Enn fremur samþykkti ráðið ályktanir 24. september 2012 þar sem kallað var eftir innleiðingu evrópska veflagasafnsins og lögð var áhersla á þörfina fyrir rekstrarsamhæfða leit og skipti á lagalegum upplýsingum sem birtar eru í stjórnartíðindum hvers ríkis og lögbirtingarblöðum með því að nota sérauðkenni og formföst lýsigögn. Samvinna milli Evrópustofnunar um rekstur stórra upplýsingakerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis og áætlunarinnar, sem komið er á fót með þessari ákvörðun, gæti stuðlað að samlegðaráhrifum sem væru gagnleg til að ná markmiðum þeirra hvorrar um sig.
- 9) Rekstrarsamhæfi innan svæðisbundinna, landsbundinna og evrópskra stjórnsýslustofnana ýtir undir að þau markmið náist, sem sett eru fram í samþykkt Evrópuþingsins frá 29. mars 2012 um skýrslu um borgararétt ESB: Hindrunum gagnvart réttindum borgara ESB rutt úr vegi.
- 10) Rekstrarsamhæfi hefur verið lykilþáttur í árangri í álagningu tolla, skatta og vörugjalda, í rekstri samevrópskra upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa í aðildarríkjunum, og í stuðningi við rekstrarsamhæfða viðskiptaþjónustu sem fjármögnuð er með Fiscalis-áætluninni 2013 og aðgerðaáætluninni um tolla 2013. Framkvæmdastjórnin og landsbundin stjórnvöld framkvæma og annast rekstur þessara áætlana. Eignir sem verða til innan ramma Fiscalis-áætlunarinnar 2013 og aðgerðaáætlunarinnar um tolla 2013 eru tiltækar til samnýtingar og endurnotkunar í öðrum

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum (Stjtið. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB frá 13. júní 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/666/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB og 2009/101/EB að því er varðar samtengingu aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa (Stjtið. ESB L 156 16.6.2012, bls. 1).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð) (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1987/2006 frá 20. desember 2006 um stofnsetningu, rekstur og notkun annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II) (Stjtið. ESB 381, 28.12.2006 bls. 4).

⁽⁹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2725/2000 frá 11. desember 2000 um stofnun „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins (Stjtið. ESB L 316, 15.12. 2000, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ <https://e-justice.europa.eu>

málaflokkum. Í ályktun ráðsins frá 26. maí 2014 um endurbætur á stjórnarháttum evrópska tollabandalagsins voru aðildarríkin og framkvæmdastjórnin auk þess hvött til að þróa áætlun um upplýsingatæknikerfi sem falla undir sameiginlega stjórn og rekstur á öllum tollatengdum sviðum.

- 11) Á sviði heilbrigðismála kveður tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB⁽¹¹⁾ á um reglur sem auðvelda aðgang að öruggri heilbrigðisþjónusta í háum gæðaflokki yfir landamæri. Nánar tiltekið var rafræna heilbrigðisþjónustunetinu (e. eHealth network) komið á fót með þessari tilskipun til þess að bregðast við áskorunum er varða rekstrarsamhæfi milli rafrænna heilbrigðiskerfa. Rafræna heilbrigðisþjónustan getur samþykkt viðmiðunarreglur um lágmarkssafn gagna sem miðla á yfir landamæri ef um er að ræða umönnun sem ekki er skipulögð og umönnun í neyðartilvikum, og um rafræna lyfseðilsþjónustu yfir landamæri.
- 12) Á sviði sjóða Evrópusambandsins er þess krafist, skv. 122. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013⁽¹²⁾, að öll upplýsingaskipti milli styrkþega og stjórnunaryfirvalda, vottunaryfirvalda, endurskoðunaryfirvalda og milligönguaðila fara fram með rafrænum gagnaskiptakerfum. Þessi kerfi eiga að auðvelda rekstrarsamhæfi við landsbundna ramma og ramma Sambandsins og gera styrkþegum mögulegt að leggja fram tilskildar upplýsingar aðeins einu sinni.
- 13) Á sviði upplýsinga frá hinu opinbera er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB⁽¹³⁾ lögð áhersla á að opinberir aðilar ættu, þar sem mögulegt er og þar sem við á, að gera skjöl aðgengileg á opnu og tölvulesanlegu sniði, ásamt lýsigögnum þeirra, með mestu mögulegu nákvæmni og í smáatriðum, á sniði sem tryggir rekstrarsamhæfi, endurnotkun og aðgengileika.
- 14) Á sviði rafrænnar auðkenningar er með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014⁽¹⁴⁾ komið á rekstrarsamhæfisramma í þeim tilgangi að landsbundin rafræn auðkenningakerfi verði rekstrarsamhæf.
- 15) Á sviði stöðlunar upplýsinga- og fjarskiptatækni vísar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012⁽¹⁵⁾ til þess að rekstrarsamhæfi sé nauðsynleg útkoma stöðlunar.
- 16) Á sviði rannsókna og nýsköpunar segir skýrum orðum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013⁽¹⁶⁾, sem kemur áætluninni Horizon 2020 á fót, að rekstrarsamhæfar lausnir og staðlar á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni séu lykilþættir í samstarfi atvinnugreina á vettvangi Sambandsins. Samstarf á sameiginlegum, opnum tækniverkvöngum þar sem smit- og vogunaráhrifa gætir mun gera fjölmörgum hagsmunaaðilum kleift að hafa hag af nýrri þróun og skapa frekari nýjungar.
- 17) Í opinberum innkaupum er þess krafist, samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB⁽¹⁷⁾, 2014/24/ESB⁽¹⁸⁾ og 2014/25/ESB⁽¹⁹⁾, að aðildarríkin komi á rafrænum innkaupum. Í þeim er kveðið á um að tól og tæki, sem

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (Stjtið. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1303/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginleg ákvæði um Bygðaðþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu og Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar, Sjávarútvegssjóð Evrópu og um almenn ákvæði um Bygðaðþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu, Samheldnisjóðinn og Sjávarútvegssjóð Evrópu og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1083/2006 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 320).

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/37/ESB frá 26. júní 2013 um breytingu á tilskipun 2003/98/EB um endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtið. ESB L 175, 27.6.2013, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 910/2014 frá 23. júlí 2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðinum og um niðurfellingu á tilskipun 1999/93/EB (Stjtið. ESB L 175, 28.8.2014, bls. 73).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 — rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

⁽¹⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1).

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

⁽¹⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

notuð eru í rafrænum samskiptum, og tæknilegir eiginleikar þeirra, skuli vera rekstrarsamhæfð þeirri upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er almennt í notkun. Enn fremur kveður tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/55/ESB ⁽²⁰⁾ á um þróun evrópskra staðla um rafræna reikningagerð í opinberum innkaupum til að tryggja rekstrarsamhæfi milli rafrænna kerfa fyrir reikningagerð í Sambandinu.

- 18) Þess vegna er mikilvægt að stefna varðandi rekstrarsamhæfi og mögulega notkun þess sé samræmd á vettvangi Sambandsins á sem skilvirkastan hátt, og komi eins mikið til móts við endanlega notendur og mögulegt er. Til þess að eyða uppskiptingu í landslagi rekstrarsamhæfis í Sambandinu ætti að efla sameiginlegan skilning á rekstrarsamhæfi í Sambandinu og heildræna nálgun að rekstrarsamhæfisláusnum.
- 19) Rekstrarsamhæfi er einnig grundvallarþáttur í Sjóðnum fyrir samtengda Evrópu sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 ⁽²¹⁾ á sviði breiðbandsinnviða og -þjónustu. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 283/2014 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk net á sviði fjarskiptavirkja ⁽²²⁾ er tekið skýrt fram að ein röð forgangsáðgerða fyrir Sjóðinn fyrir samtengda Evrópu sé rekstrarsamhæfi, tengjanleiki, varanleg útbreiðsla, rekstur og endurnýjun á samevrópskum grunnvirkjum stafrænnar þjónustu og samræming þeirra á evrópskum vettvangi. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 283/2014 kveður einkum á um svokallaðar undirstöðueiningar, s.s. rafræna auðkenningu, rafræna afhendingu skjala og sjálfvirkar þýðingar, til þess að auðvelda rekstrarsamhæfi yfir landamæri.
- 20) Á pólitískum vettvangi hefur ráðið ítrekað kallað eftir enn frekara rekstrarsamhæfi í Evrópu og að unnið verði áfram að því að nútímavæða opinbera stjórnsýslu í Evrópu. Leiðtoga ráðið samþykkti ályktanir 24. og 25. október 2013 þar sem lögð er áhersla á að halda ætti áfram að nútímavæða opinbera stjórnsýslu með skjótri upptöku þjónustu á borð við rafræna stjórnsýslu, rafræna heilbrigðisþjónustu, rafræna reikningagerð og rafræn innkaup, sem byggist á rekstrarsamhæfi. Skuldbinding aðildarríkjanna er nauðsynleg til að tryggja hraða útbreiðslu rekstrarsamhæfs rafræns þjóðfélags í Sambandinu og aðkomu opinberrar stjórnsýslu að því að hvetja til notkunar nettengds vinnulags. Að auki, til þess að koma á skilvirkari, einfaldari og notendavænni rafrænni stjórnsýslu, kann að vera nauðsynlegt að gera einhverjar breytingar á opinberri stjórnsýslu í Evrópu með stuðningi aðildarríkjanna. Skilvirk opinber þjónusta á Netinu er nauðsynleg til að efla traust fyrirtækja og borgara á stafrænni þjónustu.
- 21) Það sjónarmið að takmarka rekstrarsamhæfi við aðeins einn geira skapar hættu á að þegar ólíkar eða ósamrýmanlegar lausnir eru samþykktar á landsvísi eða innan geira leiði það til nýrra rafrænna hindrana, sem hamla eðlilegri starfsemi innri markaðarins og frjálsri för og flutningum í tengslum við hann, og grafi undan því að markaðir séu opnir og samkeppnishæfir og að veitt sé þjónusta sem fyrirtæki og borgarar hafa almenna hagsmuni af. Til þess að minnka þessa áhættu ættu aðildarríkin og Sambandið að auka sameiginlega viðleitni sína til að komast hjá uppskiptingu markaða. Þau ættu að tryggja rekstrarsamhæfi yfir landamæri eða þvert á atvinnugreinar við framkvæmd löggjafar, jafnframt því að draga úr stjórnsýsluálagi og kostnaði og bæta skilvirkni, og þau ættu að stuðla að lausnum í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem sameiginlegt samkomulag ríkir um auk þess að tryggja viðeigandi stjórnumarhætti.
- 22) Þegar sameiginlegar lausnir eru teknar upp, endurbættar eða starfræktar ætti í öllum framtaksverkefnum, eftir því sem við á, að byggja á eða fylgja sameiginlegri reynslu og lausnum og miðlun og útbreiðslu bestu starfsvenja, tæknilegu hlutleysi og aðlögunarhæfni, jafnframt ætti ávallt að fara að meginreglunum um öryggi, einkalíf og vernd persónuupplýsinga. Í því samhengi ætti að hvetja til þess að farið sé að rammanum um evrópskt rekstrarsamhæfi, opnum forskriftum og stöðlum.
- 23) Allmargar áætlanir, sem komu hver á eftir annarri, hafa leitast við að tryggja samfellda þróun og framkvæmd heildrænna og geiratengdra rekstrarsamhæfisáætlana, lagaramma, leiðbeininga, þjónustu og tækja til að mæta kröfum sem falla undir stefnur Sambandsins svo sem: i. áætlunin um gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana (1999-

⁽²⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/55/ESB frá 16. apríl 2014 um rafræna reikningagerð í opinberum innkaupum (Stjtið. ESB L 133, 6.5.2014, bls. 1).

⁽²¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót skjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjtið. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 283/2014 frá 11. mars 2014 um viðmiðunarreglur fyrir samevrópsk net á sviði fjarskiptavirkja og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1336/97/EB (Stjtið. ESB 86, 21.3.2014, bls. 14).

- 2004) (IDA-áætlunin), sem komið var á með ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/1999/EB ⁽²³⁾ og nr. 1720/1999/EB ⁽²⁴⁾, ii. áætlunin um rekstrarsamhæfða, samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera við opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara (2005-2009) (IDABC-áætlunin), sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/387/EB ⁽²⁵⁾, og iii. áætlunin um rekstrarsamhæfslausnir fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu (2010-2015) (ISA-áætlunin), sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 922/2009/EB ⁽²⁶⁾. Áætlunin sem komið er á fót með þessari ákvörðun byggist á þeirri reynslu sem aflað hefur verið við framkvæmd þessara áætlana.
- 24) Starfsemi samkvæmt IDA-, IDABC- og ISA-áætlunum hefur verið mikilvægt framlag til rekstrarsamhæfis í rafrænum upplýsingaskiptum milli evrópskra opinberra stjórnsýslustofnana. Í ályktun sinni frá 20. apríl 2012 um samkeppnishæfan rafrænan innri markað — Með rafræna stjórnsýslu í fylkingarbrjósti, viðurkenndi Evrópuþingið framlag ISA-áætlunarinnar og leiðandi hlutverk hennar í því að skilgreina, efla og styðja við framkvæmd rekstrarsamhæfslausna og ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu, og ná fram samlegðaráhrifum, stuðla að endurnotkun lausna og umbreyta rekstrarsamhæfiskröfum þeirra yfir í forskrifir og staðla fyrir stafræna þjónustu.
- 25) Ákvörðun nr. 922/2009/EB fellur úr gildi 31. desember 2015. Þörf er á nýrri áætlun Sambandsins um rekstrarsamhæfslausnir og sameiginlega ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA²-áætlunin) til þess að þróa, viðhalda og efla heildræna nálgun á rekstrarsamhæfi til þess að draga úr uppskiptingu rekstrarsamhæfislagsins og koma í veg fyrir rafrænar hindranir í Sambandinu, til þess að auðvelda skilvirk og árangursrík rafræn samskipti yfir landamæri eða þvert á atvinnugreinar milli opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu annars vegar, og milli opinberra stjórnsýslustofnana, fyrirtækja og borgara í Evrópu hins vegar, til þess að skilgreina, taka upp og starfrækja rekstrarsamhæfslausnir sem styðja við framkvæmd á stefnum Sambandsins og starfsemi, og til þess að auðvelda stjórnsýslustofnunum í Evrópu að endurnota rekstrarsamhæfslausnir.
- 26) Auk opinberra stjórnsýslustofnana eru fyrirtæki og borgarar í Evrópu einnig endanlegir notendur rekstrarsamhæfslausna vegna þess að þeir nota rafræna opinbera þjónustu sem opinberar stjórnsýslustofnanir veita. Meginreglan um notendamiðaða nálgun gildir einkum um endanlega notendur rekstrarsamhæfslausna. Leggja ætti þann skilning í orðið fyrirtæki að það taki einkum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og örfyrirtækja, með tilliti til mikilvægs framlags þeirra til efnahags Sambandsins.
- 27) Sameiginlegir rammar og lausnir sem tekin eru upp eða eru starfrækt á grundvelli ISA²-áætlunarinnar ættu, að svo miklu leyti sem það er unnt, að mynda rekstrarsamhæfislagslag til að auðvelda samskipti milli stjórnsýslustofnana, fyrirtækja og borgara í Evrópu og til að tryggja, auðvelda og gera mögulegt rekstrarsamhæfi yfir landamæri eða þvert á atvinnugreinar.
- 28) Mögulegt ætti að vera að framkvæma aðgerðir innan ramma ISA² áætlunarinnar með því að nota ítrekunaradferð.
- 29) Þar sem opinber þjónusta verður í auknum mæli „sjálfgefin stafræn þjónusta“ (e. „digital by default“) er mikilvægt að hámarka nýtingu opinbers fjármagns sem varið er til upplýsinga- og fjarskiptatæknilausna. Auðvelda ætti slíka betri nýtingu með því að tryggja að veiting slíkrar þjónustu sé skipulögð snemma og, þegar unnt er, með því að deila lausnum og endurnota þær til þess að opinbert fjármagn nýtist sem best. ISA²-áætlunin ætti að stuðla að því að þessu markmiði verði náð.
- 30) Rekstrarsamhæfi, og þar af leiðandi þær lausnir sem teknar eru upp og starfræktar á grundvelli ISA²-áætlunarinnar, stuðla að því að þeir möguleikar sem felast í rafrænni stjórnsýslu og rafrænu lýðræði séu nýttir til fulls, með því að gera kleift að taka upp „afgreiðslu á einum stað“ og veita opinbera þjónustu sem er gegnsæ og veitt enda á milli, en það leiðir til minna stjórnsýslulags og dregur úr kostnaði.

⁽²³⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1719/1999/EB frá 12. júlí 1999 um viðmiðunarreglur um samevrópsk net fyrir rafræn gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana, að meðtalinni skilgreiningu verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum (Stjtið. EB L 203, 3.8.1999, bls. 1).

⁽²⁴⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1720/1999/EB frá 12. júlí 1999 um samþykkt aðgerða og ráðstafana til að tryggja rekstrarsamhæfi og aðgang að samevrópskum netum fyrir rafræn gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana (Stjtið. EB L 203, 3.8.1999 bls. 9).

⁽²⁵⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/387/EB frá 21. apríl 2004 um rekstrarsamhæfða, samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera við opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara (IDABC) (Stjtið. ESB L 144, 30.4.2004, bls. 62).

⁽²⁶⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 922/2009/EB frá 16. september 2009 um rekstrarsamhæfslausnir fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu (Stjtið. ESB L 260, 3.10.2009, bls. 20).

- 31) Fyrirtæki og borgarar ættu, sem endanlegir notendur, einnig að hafa ávinning af sameiginlegri, endurnýtanlegri og rekstrarsamhæfðri móttökubjónustu sem leiðir af betri samþættingu gagnavinnslu og gagnaskipta gegnum bakvinnslu stjórnsýslustofnana í Evrópu.
- 32) Sambandið ætti í starfsemi sinni að fara að meginreglunni um jafna meðferð. Borgarar Sambandsins ættu að hafa rétt á jafnri meðferð af hálfu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins. Sambandið ætti að taka tillit til krafna í tengslum við baráttuna gegn félagslegri útilokun. Í því samhengi ætti að fella aðgengi fyrir alla inn í þróun áætlana sem varða rekstrarsamhæfi opinberrar þjónustu í Sambandinu, og taka tillit til þeirra borgara Sambandsins sem eru verst settir og strjálbýlustu svæðanna til þess að berjast gegn stafrænni gjá og útilokun, eins og Evrópuþingið kallaði eftir í ályktun sinni frá 20. apríl 2012 um samkeppnishæfan rafrænan innri markað — Með rafræna stjórnsýslu í fylkingarþjónsti. Framkvæmd opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu á rafrænni opinberri stjórnsýslu krefst nálgunar sem nær til allra (aðgengi allra að rafrænu samfélagi) er felur í sér, ef þörf krefur, tæknilegan stuðning og þjálfun til þess að draga úr misræmi í notkun upplýsinga- og fjarskiptatæknilausna og afhendingu eftir margvíslegum leiðum, þ.m.t. að hefðbundnum aðgangsléiðum verði viðhaldið þegar við á.
- 33) Rekstrarsamhæfisláusnir, sem falla undir ISA²-áætlunina, ætti að þróa með hliðsjón af rétti endanlegra notenda, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 ⁽²⁷⁾, til aðgangs að og dreifingar á upplýsingum og efni, til að nota og bjóða hugbúnað og þjónustu og til að nota endabúnað að eigin vali, án tillits til staðsetningar endanlega notandans eða þjónustuveitandans eða staðsetningar, uppruna eða ákvörðunarstaðar upplýsinganna, efnisins, hugbúnaðarins eða þjónustunnar, um Netaðgangsbjónustu sína.
- 34) ISA²-áætlunin ætti að vera tæki í þágu nútímavæðingar evrópskra opinberra stjórnsýslustofnana. Nútímavæðing evrópskra opinberra stjórnsýslustofnana og aukid rekstrarsamhæfi er mikilvægt framlag til þess að rafræna innri markaðnum verði komið á svo að borgarar geti notið til fulls ávinningsins af rekstrarsamhæfðri rafrænni þjónustu, frá rafrænni stjórnsýslu til rafrænnar heilbrigðisþjónustu, með áherslu á að fjarlægja hindranir svo sem ótengda rafræna þjónustu. Skortur á rekstrarsamhæfi grefur oft undan framkvæmd stafrænnar þjónustu sem veitt er enda á milli og þróun afgreiðslu á einum stað fyrir fyrirtæki og borgara.
- 35) Rekstrarsamhæfi tengist beint opnum forskriftum og stöðlum og er háð notkun þeirra. ISA²-áætlunin ætti að efla og, þar sem við á, styðja stöðlun þeirra rekstrarsamhæfisláusna, sem fyrir eru, að fullu eða að hluta. Samstarf ætti að vera um slíka stöðlun og aðra vinnu við gerð staðla á vettvangi Sambandsins og við evrópskar staðlastofnanir og aðrar alþjóðlegar staðlastofnanir.
- 36) Með því að tryggja rekstrarsamhæfi munu opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu vera opnar áfram og nógu sveigjanlegar til að þróast og geta tekist á við nýjar áskoranir og ný svið. Rekstrarsamhæfi er forsenda þess að komist verði hjá tæknilegum sjálfhelduáhrifum, gerir tæknilega þróun mögulega og eflir nýsköpun. Með því að þróa rekstrarsamhæfisláusnir og sameiginlega ramma ætti ISA²-áætlunin að stuðla að rekstrarsamhæfi milli opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu, virða tæknilegt hlutleysi til þess að komast hjá tæknilegum sjálfhelduáhrifum og auka möguleika á samkeppni og nýsköpun, en það mun efla hnattræna samkeppnishæfni Sambandsins.
- 37) Nútímavæðing opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu er eitt af helstu forgangsaðriðunum fyrir árangursríka framkvæmd áætlunarinnar Evrópa 2020 og rafrænan innri markað. Í því samhengi sýna árlegar vaxtarkannanir, sem framkvæmdastjórnin gaf út árin 2011, 2012 og 2013, að gæði opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu hafa bein áhrif á efnahagssumhverfið og eru þess vegna nauðsynleg til að örva framleiðni, samkeppnishæfni, efnahagssamvinnu, vöxt og atvinnu. Þetta endurspeglast greinilega í tilmælum til hvers lands þar sem kallað er eftir sértækum aðgerðum sem miða að endurbótum á opinberum stjórnsýslustofnunum í Evrópu.
- 38) Reglugerð (ESB) nr. 1303/2013 hefur að geyma þemabundin markmið um að efla stofnanagetu opinberra stjórnvalda og hagsmunaaðila og skilvirka opinbera stjórnsýslu. Í því samhengi ætti ISA²-áætlunin að tengjast öðrum framtaksverkefnum sem stuðla að nútímavæðingu opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu, einkum í tengslum við vinnu sem beinist að rekstrarsamhæfi, og leita eftir samlegðaráhrifum við þau.

⁽²⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2120 frá 25. nóvember 2015 um ráðstafanir varðandi opinn netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1).

- 39) Rekstrarsamhæfi opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu varðar öll stjórnsýslustig: á vettvangi Sambandsins, einstakra landa, svæða og staða. Þess vegna er mikilvægt að tryggja sem víðtækasta þátttöku í ISA²-áætluninni og að í lausnum sé tekið tillit til þarfa þeirra hverrar þeirra fyrir sig, auk þarfa fyrirtækja og borgara, ef við á.
- 40) Styðja má lands-, svæðis- og staðaryfirvöld í viðleitni þeirra með sérstökum fjármögnunarleiðum sem falla undir uppbyggingar- og fjárfestingarsjóði Evrópu, einkum í þeim þætti sem varðar uppbyggingu stofnana getu opinberra yfirvalda sem felur í sér þjálfun starfsfólks opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu þegar við á. Náð samstarf innan ramma ISA²-áætlunarinnar ætti að hámarka ávinning sem vænta má af slíkum fjármögnunarleiðum með því að tryggja að fjármögnuð verkefni séu löguð að rekstrarsamhæfisrömmum og forskriftum Sambandsins, svo sem rammanum um evrópskt rekstrarsamhæfi.
- 41) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan ISA²-áætlunin varir og er helsta viðmiðunarfráhæðin fyrir Evrópuþingið og ráðið við árlega fjárlagagerð, í skilningi 17. liðar samstarfssamnings frá 2. desember 2013 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun ⁽²⁸⁾.
- 42) Taka ætti tillit til þess möguleika að nota foraðildarsjóði til að auðvelda þátttöku umsóknarlanda í ISA²-áætluninni og samþykkt og frekari framkvæmd lausna, sem þar koma fram, í þeim löndum.
- 43) ISA²-áætlunin ætti að stuðla að framkvæmd eftirfylgni framtaksverkefna í tengslum við áætlunina Evrópa 2020 og stafræna áætlun fyrir Evrópu. Til þess að komast hjá tvíverknandi ætti í ISA²-áætluninni að taka tillit til annarra áætlana Sambandsins og framtaksverkefna á sviði upplýsinga- og fjarskiptatæknilausna, þjónustu og innviða, einkum Sjóðsins fyrir samtengda Evrópu, áætlunarinnar Horizon 2020 og Evrópsku aðgerðaáætlunarinnar um rafræna stjórnsýslu 2011–2015 sem komið var á fót með orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 15. desember 2010. Við framkvæmd ISA²-áætlunarinnar og við skipulagningu framtaksverkefna í framtíðinni sem myndu hafa áhrif á rekstrarsamhæfi ætti framkvæmdastjórnin að samræma þessar aðgerðir. Í hagræðingarskyni ætti, við skipulagningu funda ISA²-áætlunarnefndarinnar, að því marki sem hægt er, að taka tillit til funda sem eru áætlaðir í tengslum við önnur viðkomandi framtaksverkefni og áætlanir Sambandsins.
- 44) Meginreglurnar og ákvæðin, sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽²⁹⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ⁽³⁰⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽³¹⁾, ættu að gilda um lausnir, sem starfræktar eru á grundvelli ISA²-áætlunarinnar, sem hafa í för með sér vinnslu persónuupplýsinga. Til samræmis við það ætti með þessum lausnum að hrinda í framkvæmd víðeigandi tæknilegum kröfum og skipulagskröfum til að tryggja að farið sé að persónuverndarkröfum sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins. Einkum ætti það að vera sjálfgefið að vinnsla persónuupplýsinga fari einungis fram séu þær nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem er nauðsynlegt í tengslum við tilganginn með söfnun þeirra. Þegar rekstrarsamhæfislusnir eru þróaðar og teknar upp ætti að taka tilhlýðilegt tillit til áhrifa á vernd persónuupplýsinga.
- 45) Þegar framkvæmdastjórnin metur ISA²-áætlunina ætti að veita því sérstaka athygli hvort lausnir sem teknar eru upp og framkvæmdar hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á nútímavæðingu hins opinbera og komi til móts við þarfir fyrirtækja og einstaklinga, t.d. með því að draga úr stjórnsýsluálagi þeirra og kostnaði og með því að efla gagnkvæm tengsl í heild milli opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu annars vegar og milli opinberra stjórnsýslustofnana, fyrirtækja og einstaklinga í Evrópu hins vegar.
- 46) Um kaup á utanaðkomandi þjónustu að því er varðar ISA²-áætlunina, þar sem þess er þörf, gilda reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 ⁽³²⁾ og tilskipanir 2014/23/ESB, 2014/24/ESB og 2014/25/ESB.

⁽²⁸⁾ Stjtið. ESB C 373, 20.12.2013, bls. 1.

⁽²⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽³⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífis á sviði rafræna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífisins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

⁽³¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

⁽³²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtið. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

- 47) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar ákvörðunar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja þriggja ára breytilega starfsáætlun. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽³³⁾.
- 48) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja framkvæmdargerðir sem taka gildi tafarlaust þegar brýna nauðsyn ber til, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum sem taka til breytilegu starfsáætlunarinnar, s.s. þegar hættu er á að veiting þjónustu raskist.
- 49) Markmiðin með þessari ákvörðun eru að þróa, viðhalda og efla heildræna nálgun á rekstrarsamhæfi til þess að auðvelda skilvirk og árangursrík rafræn samskipti yfir landamæri eða þvert á atvinnugreinar milli opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu annars vegar, og milli opinberra stjórnsýslustofnana og fyrirtækja og borgara í Evrópu hins vegar, skilgreina, taka upp og starfrækja rekstrarsamhæfisláusnir sem styðja við framkvæmd á stefnum Sambandsins og starfsemi og auðvelda stjórnsýslustofnunum í Evrópu að endurnota rekstrarsamhæfisláusnir. Þar eð aðildarríkin geta ekki ein fyllilega náð þessum markmiðum, þar sem erfiðt og dýrt væri fyrir aðildarríkin sjálf að sjá um samræmingarstarf á vettvangi Sambandsins á vettvangi aðildarríkjanna, og þeim verður frekar náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Viðfangsefni og markmið

1. Með þessari ákvörðun er komið á fót áætlun fyrir árin 2016–2020 um rekstrarsamhæfisláusnir og sameiginlega ramma fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA²-áætluninni).

Markmiðin með ISA²-áætluninni skulu vera:

- að þróa, viðhalda og efla heildræna nálgun á rekstrarsamhæfi í Sambandinu til þess að eyða uppskiptingu rekstrarsamhæfisláusnarsins í Sambandinu,
- að auðvelda skilvirk og árangursrík rafræn samskipti yfir landamæri eða þvert á atvinnugreinar milli opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu annars vegar og milli opinberra stjórnsýslustofnana, fyrirtækja og borgara í Evrópu hins vegar og stuðla að þróun rafrænnar stjórnsýslu opinberra stjórnsýslustofnana sem er skilvirkari, einfaldari og notendavænni á lands-, svæðis- og staðarvísu,
- að skilgreina, taka upp og starfrækja rekstrarsamhæfisláusnir sem styðja við framkvæmd á stefnum Sambandsins og starfsemi,
- að auðvelda endurnotkun rekstrarsamhæfisláusna fyrir stjórnsýslustofnanir í Evrópu.

Í ISA²-áætluninni skal taka tillit til félagslegra og efnahagslegra þátta og annarra þátta rekstrarsamhæfis, auk sérstakra aðstæðna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og örfyrirtækja, til þess að bæta samskipti milli opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu annars vegar og milli opinberra stjórnsýslustofnana, fyrirtækja og borgara í Evrópu hins vegar.

2. ISA²-áætlunin skal tryggja sameiginlegan skilning á rekstrarsamhæfi með rammanum um evrópskt rekstrarsamhæfi og framkvæmd hans í stjórnsýslustofnunum aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með framkvæmd rammans um evrópskt rekstrarsamhæfi gegnum ISA²-áætlunina.

3. ISA²-áætlunin tekur við viðfangsefnum ISA-áætlunarinnar og á að styrkja þau, efla og vikka þau út.

⁽³³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „rekstrarsamhæfi“: geta margvíslegra og ólíkra stofnana til að vinna saman að gagnkvæmum ávinningi og sameiginlegum markmiðum sem samið hefur verið um, sem felur í sér miðlun upplýsinga og þekkingar milli stofnananna, í viðskiptaferlum sem þau styðja, með gagnaskiptum milli upplýsinga- og fjarskiptatæknikerfa þeirra hverrar um sig,
- 2) „rekstrarsamhæfisrammi“: samþykkt nálgun á rekstrarsamhæfi fyrir stofnanir sem vilja starfa saman að því að veita sameiginlega opinbera þjónustu þar sem, innan gildissviðsins, eru tilgreindir nokkrir sameiginlegir þættir, s.s. orðaforði, hugtök, meginreglur, stefnur, leiðbeiningar, tilmæli, staðlar, forskriftir og venjur,
- 3) „sameiginlegir ramar“: viðmiðunarhögum (e. reference architectures), forskriftir, hugtök, meginreglur, stefnur, tilmæli, staðlar, aðferðafræði, leiðbeiningar, lýsigögn og/eða tilvísunargögn (e. semantic assets) og svipaðar nálganir og skjöl, hvert í sínu lagi eða saman sem heild,
- 4) „almenn þjónusta“: skipulags- og tæknigeta til að skila opinberum stjórnsýslustofnunum í Evrópu einni niðurstöðu, þ.m.t. rekstrarkerfi, búnaður og stafræn grunnvirki, almenns eðlis, sem mæta sameiginlegum kröfum notenda þvert á stefnumið eða landfræðileg svæði ásamt þeim stjórnunarháttum sem liggja til grundvallar við reksturinn,
- 5) „almenn verkfæri“: kerfi, viðmiðunarvettvangur, sameiginlegur vettvangur og samstarfsvettvangur og almennir þættir sem uppfylla sameiginlegar notendakröfur þvert á stefnumið og landræðileg svæði,
- 6) „rekstrarsamhæfislausnir“: sameiginleg þjónusta og almenn tæki sem auðvelda samvinnu milli margvíslegra og ólíkra stofnana og eru annaðhvort fjármöggnuð á sjálfstæðan hátt og þróuð á grundvelli ISA²-áætlunarinnar eða þróuð í samvinnu með öðrum framtaksverkefnum Sambandsins, á grundvelli tilgreindra krafna stjórnsýslustofnana í Evrópu,
- 7) „aðgerðir“: verkefni, lausnir sem þegar eru komnar á framkvæmdarstig og hliðarráðstafanir,
- 8) „verkefni“: röð vel skilgreindra verkeininga, sem sett eru tímamörk, sem fjalla um tilgreindar þarfir notenda með áfangaskiptri aðferð,
- 9) „aðgerðir í bið“: aðgerðir ISA²-áætlunarinnar þar sem fjármögnun hefur verið sett í bið í tiltekinn tíma en markmið þeirra eru enn í fullu gildi og þær falla áfram undir eftirlit og mat samkvæmt ISA²-áætluninni,
- 10) „hliðarráðstafanir“:
 - a) stefnumarkandi ráðstafanir,
 - b) upplýsingaráðstafanir, ráðstafanir um tilkynningar um ávinning af ISA²-áætluninni og ráðstafanir til vitundarvakningar, sem beinast að opinberum stjórnsýslustofnunum og, þar sem við á, fyrirtækjum og einstaklingum í Evrópu,
 - c) ráðstafanir til að styðja við stjórnun ISA²-áætlunarinnar,
 - d) ráðstafanir í tengslum við miðlun reynslu og að skiptast á og stuðla að bestu starfsvenjum,
 - e) ráðstafanir til að stuðla að endurnotkun rekstrarsamhæfislausna sem eru fyrir hendi,
 - f) ráðstafanir, sem miða að samfélagsuppbyggingu og getuaukningu, og
 - g) ráðstafanir sem miða að því að skapa samlegðaráhrif með framtaksverkefnum sem tengjast rekstrarsamhæfi á öðrum sviðum er varða stefnu Sambandsins,
- 11) „stuðningsleiðir fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir“: verkfæri til rekstrarsamhæfingar, ramar, viðmiðunarreglur og forskriftir sem styðja við opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu við hönnun, framkvæmd og starfrækslu rekstrarsamhæfislausna,
- 12) „opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu“: opinberar stjórnsýslustofnanir á vettvangi Sambandsins, einstakra landa, svæða og staða,

- 13) „endanlegir notendur“: opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu, fyrirtæki, þ.m.t. litil og meðalstór fyrirtæki og örfyrirtæki, og borgarar,
- 14) „lykilþættir í rekstrarsamhæfi“: rekstrarsamhæfislusnir sem eru nauðsynlegar til að auðvelda skilvirka og árangursríka veitingu opinberra þjónustu þvert á stjórnsýslustofnanir,
- 15) „evrópsk viðmiðunarhögun fyrir rekstrarsamhæfi“ eða „EIRA“: almenn umgjörð sem samanstendur af meginreglum og leiðbeiningum sem gilda um framkvæmd rekstrarsamhæfislusna í Sambandinu,
- 16) „evrópsk kortlagning rekstrarsamhæfis“ eða „EIC“: safn rekstrarsamhæfislusna fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu sem stofnanir Sambandsins og aðildarríkin láta í té, sem eru lagðar fram á sameiginlegu sniði og eru í samræmi við sérstakar endurnotkunar- og rekstrarsamhæfisviðmiðanir sem hægt er að leggja fram í tengslum við EIRA.

3. gr.

Starfsemi

ISA²-áætlunin skal styðja og efla:

- a) mat, umbætur, starfrækslu og endurnotkun fyrirbyggjandi rekstrarsamhæfislusna og sameiginlegra ramma yfir landamæri eða þvert á atvinnugreinar,
- b) þróun, uppsetningu, fullmótun, starfrækslu og endurnotkun nýrra rekstrarsamhæfislusna og sameiginlegra ramma yfir landamæri eða þvert á atvinnugreinar,
- c) mat á áhrifum tillagðrar eða samþykkrar löggjafar Sambandsins á upplýsinga- og fjarskiptatækni,
- d) greiningu á götum í löggjöf, á Sambands- og landsvísu, sem hamlar rekstrarsamhæfi yfir landamæri eða þvert á atvinnugreinar milli opinberra stjórnsýslustofnana í Evrópu,
- e) þróun fyrirkomulags sem mælir og ákvarðar umfang ávinnings af rekstrarsamhæfislusnum, þ.m.t. aðferðafræði til að meta kostnað sem sparast,
- f) kortlagningu og greiningu á heildarlandslagi rekstrarsamhæfis í Sambandinu með því að koma á fót, viðhalda og bæta EIRA og EIC sem tæki til að auðvelda endurnotkun fyrirbyggjandi rekstrarsamhæfislusna og greina sviðin þar sem enn skortir slíkar lausnir,
- g) viðhald, uppfærslu, eflingu og vöktun framkvæmdar evrópsku rekstrarsamhæfisáætlunarinnar (EIS), rammans um evrópskt rekstrarsamhæfi (EIF) og evrópskrar viðmiðunarhögunar fyrir rekstrarsamhæfi (EIRA),
- h) mat, uppfærslu og eflingu fyrirbyggjandi sameiginlegra forskrifta og staðla og þróun, gerð og eflingu nýrra forskrifta og opinna forskrifta og staðla fyrir tilstilli stöðlunarvettvangs Sambandsins og í samvinnu við evrópskar og alþjóðlegar staðlastofnanir, eins og við á,
- i) viðhald á og að gerður sé kunnur vettvangur, sem gerir kleift að hafa aðgang að og samvinnu um bestu starfsvenjur og er leið til vekja athygli á og breiða út tiltækar lausnir, þ.m.t. öryggisramma, og stuðlar að því að koma í veg fyrir tvíverknað jafnframt því að ýta undir endurnotkun lausna og staðla,
- j) það að lokið sé við að fullmóta nýja rekstrarsamhæfisþjónustu og -tæki og að fyrirbyggjandi rekstrarsamhæfisþjónustu og -tækjum sé viðhaldið og þau starfrækt til bráðabirgða,
- k) greiningu á og framgang bestu starfsvenja, til að þróa leiðbeiningar um samræmingu framtaksverkefna er varða rekstrarsamhæfi og hvetja og styðja samfélögin sem vinna að málefnum sem tengjast sviðum rafrænna samskipta yfir landamæri og þvert á atvinnugreinar milli endanlegra notenda.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. september 2016, þróa upplýsingaáætlun, sem miðast við að auka upplýsingar og vitund um ISA²-áætlunina og ávinning af henni og beinist að fyrirtækjum, þ.m.t. litlum og meðalstórum fyrirtækjum, og borgurum og notar notendavænar leiðir á vefsetri ISA²-áætlunarinnar.

4. gr.

Almennar meginreglur

Aðgerðir sem hleypt er af stokkunum eða haldið er áfram með innan ramma ISA²-áætlunarinnar skulu:

- a) byggjast á gagnsemi og ráðast af greindri þörf og markmiðum áætlunarinnar,
- b) vera í samræmi við eftirfarandi meginreglur:
 - nálægðarregluna og meðalhófsregluna,
 - notendamiðun,
 - meginregluna um þátttöku allra og aðgengileika,
 - veitingu opinberrar þjónustu með þeim hætti að komið sé í veg fyrir stafræna gjá,
 - öryggi, friðhelgi einkalífs og persónuvernd,
 - fjölyngi,
 - einföldun stjórnsýslu og nútímavæðingu,
 - gagnsæi,
 - varðveislu upplýsinga,
 - opinn aðgang,
 - endurnotkun og að forðast tvíverknað,
 - meginregluna um tæknilegt hlutleysi, lausnir sem eru, að svo miklu leyti sem hægt er, framtíðarmiðaðar og aðlögunarhæfni,
 - árangur og skilvirkni,
- c) vera sveigjanlegar, rýmkanlegar og vera nothæfar á öðrum starfssviðum eða í öðrum málaflokkum og
- d) geta borið sig efnahagslega, skipulagslega og tæknilega.

5. gr.

Aðgerðir

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin og í samræmi við 8. gr., framkvæma þær aðgerðir sem eru tilgreindar í breytilegu starfsáætluninni sem komið er á skv. 9. gr.
2. Aðgerðir í formi verkefna skulu, þar sem við á, fela í sér eftirfarandi áfanga:
 - upphaf,
 - áætlanagerð,
 - framkvæmd,
 - lok og lokaúttekt,
 - vöktun og eftirlit.Skilgreina og tilgreina skal áfanga sérstakra verkefna þegar aðgerðin er tekin inn í breytilegu starfsáætlunina. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með þróun verkefna.
3. Framkvæmd ISA²-áætlunarinnar skal studd með hliðarráðstöfunum.

6. gr.

Viðmiðanir um aðstoðarhæfi

Allar aðgerðir sem fjármagna á innan ramma ISA²-áætlunarinnar skulu vera í samræmi við allar eftirfarandi viðmiðanir um aðstoðarhæfi:

- a) markmið ISA²-áætlunarinnar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr.,
- b) eina eða fleiri af þeirri starfsemi ISA²-áætlunarinnar, sem mælt er fyrir um í 3. gr.,
- c) almennar meginreglur ISA²-áætlunarinnar, sem mælt er fyrir um í 4. gr.,
- d) fjármögnunarskilyrðin, sem mælt er fyrir um í 11. gr.

7. gr.

Forgangsröðun

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal öllum aðgerðum, sem uppfylla viðmiðanirnar um aðstoðarhæfi, forgangsraðað í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir um forgangsröðun:

- a) framlag aðgerðarinnar til rekstrarsamhæfislandslagsins, sem mælt er eftir mikilvægi og nauðsyn hennar til að fullgera rekstrarsamhæfislandslagið í gervöllu Sambandinu,
- b) umfang aðgerðarinnar, mælt með þverlægum áhrifum hennar á viðkomandi geira þegar henni er lokið,
- c) landfræðilegt umfang aðgerðarinnar, mælt eftir fjölda aðildarríkja og þeim opinberu stjórnsýslustofnunum í Evrópu sem taka þátt,
- d) hve brýn aðgerðin er, mælt eftir hugsanlegum áhrifum hennar, að teknu tilliti til skorts á öðrum fjármögnunarleiðum,
- e) hve endurnotanleg aðgerðin er, mælt eftir því að hve miklu leyti hægt er að endurnota afrakstur hennar,
- f) endurnotkun á fyrirliggjandi sameiginlegum römmum og þáttum rekstrarsamhæfislausna í aðgerðinni,
- g) tengingu aðgerðarinnar við framtaksverkefni Sambandsins, sem mælist af því hve mikið samstarf er milli aðgerðarinnar og framtaksverkefna Sambandsins og hve stórt framlag hennar er til þeirra, s.s. rafræna innri markaðarins.

2. Viðmiðanir um forgangsröðun, sem um getur í 1. mgr., skulu vega jafnt. Aðstoðarhæfar aðgerðir, sem uppfylla fleiri viðmiðanir en aðrar aðstoðarhæfar aðgerðir, skulu ganga framur að því er varðar upptöku í breytilegu starfsáætlunina.

8. gr.

Framkvæmdarreglur

1. Við framkvæmd ISA²-áætlunarinnar skal taka tilhlýðilegt tillit til evrópsku rekstrarsamhæfisáætlunarinnar og rammans um evrópskt rekstrarsamhæfi.

2. Til að tryggja rekstrarsamhæfi milli landsbundinna upplýsingakerfa og upplýsingakerfa Sambandsins skal tilgreina rekstrarsamhæfislausnir með vísan til núverandi og nýrra Evrópustaðla eða almennt aðgengilegra eða opinna forskrifta fyrir skipti á upplýsingum og samþættingu þjónustu.

3. Þegar rekstrarsamhæfislausnir eru teknar upp eða endurbættar skulu þær, eftir því sem við á, byggjast á eða þeim fylgja skoðanaskipti, miðlun reynslu og að skipst sé á og stuðlað að bestu starfsvenjum. Með það fyrir augum skal framkvæmdastjórnin kalla saman viðkomandi hagsmunaaðila og skipuleggja ráðstefnur, málstofur og aðra fundi um mál sem tekin eru upp í tengslum við ISA²-áætlunina.

4. Við framkvæmd rekstrarsamhæfislausna innan ramma ISA²-áætlunarinnar skal, þar sem við á, taka tilhlýðilegt tillit til evrópsku viðmiðunarhögunarinnar fyrir rekstrarsamhæfi.

5. Rekstrarsamhæfisláusnir og uppfærslur þeirra skulu, þar sem við á, felldar inn í evrópska kortlagningu rekstrarsamhæfis og gerðar aðgengilegar evrópskum opinberum stjórnsýslustofnunum til endurnotkunar.
6. Framkvæmdastjórnin skal ávallt hvetja aðildarríki til þátttöku og gera þeim kleift að taka þátt í aðgerð eða verkefni á hvaða stigi sem er.
7. Til þess að forðast tvíverknað skal í rekstrarsamhæfisláusnum, sem fjármagnaðar eru innan ramma ISA²-áætlunarinnar, vísa til þess árangurs sem náðst hefur í viðkomandi framtaksverkefnum Sambandsins eða aðildarríkis, og endurnota rekstrarsamhæfisláusnir sem þegar eru til.
8. Til þess að hámarka samlegðaráhrif og tryggja að hvers konar viðleitni sé tengd og komi hver annarri til fyllingar skulu aðgerðir, eftir því sem við á, vera í samræmi við önnur viðkomandi framtaksverkefni Sambandsins.
9. Rekstrarsamhæfisláusnir, sem teknar eru upp eða bætтар eru á grundvelli ISA²-áætlunarinnar, skulu byggjast á miðlun reynslu og að skipst sé á og stuðlað að bestu starfsvenjum. Innan ISA²-áætlunarinnar skal stuðla að aðgerðum til samfélagslegrar uppbyggingar utan um ramma og láusnir sem varða sameiginlega hagsmuni, með þátttöku viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. stofnana sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og háskóla.

9. gr.

Breytileg starfsáætlun

1. Í þeim tilgangi að hrinda í framkvæmd aðgerðum skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 8. júní 2016, samþykkja framkvæmdargerðir sem koma á breytilegri starfsáætlun allan gildistíma þessarar ákvörðunar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr. Framkvæmdastjórn skal samþykkja framkvæmdargerðir sem breyta þeirri breytilegu starfsáætlun a.m.k. einu sinni á ári.

Í breytilegu starfsáætluninni skal tilgreina, forgangsraða, skrá, velja, hanna, framkvæma, starfrækja og meta aðgerðir, og koma afrakstri þeirra á framfæri og, með fyrirvara um 5. mgr. 11. gr., stöðva fjármögnun þeirra tímabundið eða hættu henni.

2. Aðgerðirnar skal taka inn í breytilegu starfsáætlunina með þeim fyrirvara að þær samræmist 6. og 7. gr.
3. Verkefni sem komið er af stað og þróað innan ramma ISA-áætlunarinnar eða í tengslum við annað framtaksverkefni Sambandsins má fella inn í breytilegu starfsáætlunina á öllum stigum þess.

10. gr.

Fjárlagaákvæði

1. Fjármagn skal veitt þegar verkefni eða láusn á framkvæmdarstigi er felld inn í breytilegu starfsáætlunina eða eftir að áfanga verkefnis hefur verið lokið með viðunandi árangri eins og skilgreint er í breytilegu starfsáætluninni og breytingum á henni.
2. Breytingar á árlegu starfsáætluninni, sem varða fjárlagaheimildir umfram 400 000 evrur fyrir hverja aðgerð, skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 12. gr.
3. Verkefni innan ramma ISA²-áætlunarinnar geta haft í för með sér að kaupa verði utanaðkomandi þjónustu og um það skulu gilda reglur Sambandsins um innkaup sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 966/2012.

11. gr.

Fjármögnun aðgerða

1. Fjármögnun á því að þróa, taka upp og bæta sameiginlega ramma og almenn verkfæri fellur undir ISA²-áætlunina. Opinberar stjórnsýslustofnanir í Evrópu skulu fjármagna notkun slíkra ramma og verkfæra.

2. Fjármögnun á því að þróa, taka upp, fullmóta og bæta sameiginlega þjónustu fellur undir ISA²-áætlunina. Miðlægan rekstur slíkrar þjónustu á vettvangi Sambandsins má einnig fjármagna af ISA²-áætluninni, í tilvikum þar sem slíkur rekstur er í þágu hagsmuna Sambandsins og er tilhlýðilega rökstuddur í breytilegu starfsáætluninni. Í öllum öðrum tilvikum skal fjármagna notkun slíkrar þjónustu eftir öðrum leiðum.
3. Rekstrarsamhæfisláusnir sem ISA²-áætlunin yfirtekur til að fullmóta þær eða viðhalda þeim tímabundið skulu fjármagnaðar af ISA²-áætluninni þar til þær hafa verið teknar yfir af öðrum áætlunum eða framtaksverkefnum.
4. Fjármögnun hliðarráðstafana fellur undir ISA²-áætlunina.
5. Fjármögnun aðgerðar má stöðva tímabundið eða hætta í samræmi við niðurstöður vöktunar og eftirlits skv. 5. gr. og á grundvelli mats á því hvort aðgerð haldi áfram að uppfylla tilgreindar þarfir og á árangri og skilvirkni aðgerðarinnar.

12. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um rekstrarsamhæfisláusnir fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara í Evrópu (ISA²-nefndarinnar). Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Þegar brýna nauðsyn ber til í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, sem öðlist gildi þegar í stað, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Þessar gerðir skulu ekki vera í gildi lengur en í 6 mánuði.

13. gr.

Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast reglubundið með framkvæmd og áhrifum ISA²-áætlunarinnar í þeim tilgangi að meta hvort aðgerðir hennar uppfylli áfram tilgreindar þarfir. Framkvæmdastjórnin skal einnig kanna samlegðaráhrif við áætlanir Sambandsins sem koma henni til fyllingar.
2. Framkvæmdastjórnin skal árlega gefa ISA²-nefndinni, þeirri nefnd eða nefndum Evrópuþingsins sem bera ábyrgð, ráðinu og svæðanefndinni skýrslu um framkvæmd og árangur ISA²-áætlunarinnar.

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast reglubundið með framkvæmd og endurnotkun rekstrarsamhæfisláusna innan Sambandsins, og skal það vera hluti af breytilegu starfsáætluninni sem komið var á skv. 1. mgr. 9. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma bráðabirgðamat á ISA²-áætluninni eigi síðar en 30. september 2019 og lokamat eigi síðar en 31. desember 2021 og tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu niðurstöður hvors mats um sig innan þessara sömu daga. Í þessu sambandi er þeirri nefnd eða nefndum Evrópuþingsins, sem ber ábyrgð, heimilt að bjóða framkvæmdastjórninni að kynna matsniðurstöðurnar og svara spurningum fulltrúa sinna.
4. Í matinu sem um getur í 3. mgr. skal skoða m.a. mikilvægi, árangur, skilvirkni, notagildi, þ.m.t., þar sem við á, ánægju fyrirtækja og borgara, og sjálfbærni og samræmi aðgerða ISA²-áætlunarinnar. Að auki skal við lokamat athuga að hve miklu leyti markmið ISA²-áætlunarinnar hafa náðst, svo sem endurnotkun rekstrarsamhæfisláusna innan Sambandsins, þar sem sérstök áhersla er lögð á þær þarfir sem evrópskar stjórnsýslustofnanir hafa látið í ljós.

5. Í matinu skal meta árangur ISA²-áætlunarinnar með tilliti til markmiðanna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 1. gr. og fylgni við meginreglurnar sem settar eru fram í b-lið 4. gr. Mæla skal hvernig tekist hefur að ná markmiðunum einkum með hliðsjón af fjölda lykilþátta í rekstrarsamhæfi og fjölda stuðningsleiða fyrir opinberar stjórnsýslustofnanir sem veittar eru opinberum stjórnsýslustofnunum í Evrópu og sem þær nota. Vísar til að mæla árangur og áhrif ISA²-áætlunarinnar skulu skilgreindir í breytilegu starfsáætluninni.

6. Í matinu skal skoða ávinning Sambandsins af aðgerðunum í þágu frampróunar sameiginlegra stefna, tilgreina mögulega skörun og athuga samræmi við svið þar sem úrbóta er þörf og sannreyna samlegðaráhrif við önnur framtaksverkefni Sambandsins, einkum við Sjóðinn fyrir samtengda Evrópu.

Í matinu skal skoða mikilvægi aðgerða ISA²-áætlunarinnar fyrir staðar- og svæðisyfirvöld til að bæta rekstrarsamhæfi í opinberri stjórnsýslu og skilvirkni í veitingu opinberrar þjónustu.

7. Í matinu skal koma fram, þar sem við á, upplýsingar varðandi:

a) mælanlegan og metanlegan ávinning sem rekstrarsamhæfisláusnirnar skila með því að tengja upplýsinga- og fjarskiptatækni við þarfir endanlegra notenda,

b) mælanleg og metanleg áhrif rekstrarsamhæfra upplýsinga- og fjarskiptatæknilausna.

8. Aðgerðir sem er lokið eða eru í bið skulu áfram falla undir heildarmat á áætluninni. Fylgjast skal með stöðu þeirra í rekstrarsamhæfisláusnir Evrópu og meta þær með tilliti til þess að hve miklu leyti notendur hafa tekið þær upp og hve gagnlegar og endurnýtanlegar þær eru.

14. gr.

Alþjóðleg samvinna

1. Önnur lönd evrópska efnahagssvæðisins og umsóknarlönd skulu geta tekið þátt í ISA²-áætluninni innan ramma viðkomandi samninga þeirra við Sambandið.

2. Hvetja skal til samvinnu við önnur þriðju lönd og alþjóðastofnanir eða -aðila, einkum innan rammans um samvinnu Evrópu og Miðjarðarhafslánda og samvinnu til austurs og við nágrannalönd, einkum löndin á vesturhluta Balkanskaga og Svartahafssvæðinu. Kostnaður þar að lútandi fellur ekki undir ISA²-áætlunina.

3. Með ISA²-áætluninni skal, eftir því sem við á, stuðla að endurnotkun þriðju landa á lausnum hennar.

15. gr.

Framtaksverkefni sem ekki eru á vegum Sambandsins

Með fyrirvara um aðrar stefnur Sambandsins má nota rekstrarsamhæfisláusnir sem teknar eru upp eða eru starfræktar innan ramma ISA²-áætlunarinnar fyrir framtaksverkefni sem ekki eru á vegum Sambandsins, í tilgangi sem ekki er viðskiptalegs eðlis, að því tilskildu að enginn aukakostnaður hljóti af því á fjárlögum Sambandsins og að meginmarkmiði Sambandsins um rekstrarsamhæfisláusnir sé ekki teft í tvísýnu.

16. gr.

Persónuvernd

Vinnsla persónuupplýsinga með lausnum sem starfræktar eru innan ramma ISA²-áætlunarinnar skal vera í samræmi við meginreglurnar og ákvæðin sem sett eru fram í tilskipun 95/46/EB og 2002/58/EB og reglugerð (EB) nr. 45/2001.

17. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Fjárhagsrammi vegna framkvæmdar ISA²-áætlunarinnar á gildistíma hennar skal vera 130 928 000 evrur.
2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan fjárhagsrammans til margra ára.
3. Fjáruþlutun til ISA²-áætlunarinnar getur einnig náð yfir útgjöld er lúta að starfsemi er varðar undirbúning, eftirlit, athugun, endurskoðun og mat sem krafist er reglulega við stjórnun áætlunarinnar og til að ná markmiðum hennar.

18. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2016 til og með 31. desember 2020.

Þrátt fyrir ákvæði annarrar málsgreinar þessarar greinar, gildir 13. gr. frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2021.

Gjört í Strassborg 25. nóvember 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.